



Góðir tónleikar í Hörpunni!

Nemendum FG var boðið á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpunni þann 1. september og voru þeir ekki af verri endanum. Sjálfur Víkingur Heiðar sat við píanóið og spilaði konsert númer þrjú eftir rússneska tónskáldið Sergei Rachmaninoff. Undir lék svo Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Óhætt er að segja að tónleikarnir hafi tekist mjög vel, en á þeim voru nemendur frá FG og MH. Í lokin þakkaði Víkingur Heiðar öllum fyrir komuna, en hann og hljómsveitin hlutu dúndrandi lófaklapp fyrir leik sinn.

Það eru ekki allir vanir að hlusta á tónlist sem þessa, en fullyrða má að nemendur hafi staðið sig með mikilli þryði og verið FG til sóma.

Skólabyrjun

Þá er skólinn kominn á fulla ferð og nám og félagslíf í miklum blóma. Nýnemaferð er í þessari viku (7. – 8. sept.) en þá fara þeir ásamt umsjónarkennurum og forystuliði félagslífsins til Eyrarbakka og gista þar eina nótt.

Einn af fyrstu atburðum haustannar var busavígslan og hefur [mikil umræða](#) spunnist í samfélaginu um busavígslur almennt í framhaldsskólum. Þær byggja á gamalli hefð og eiga að vera vígslur inn í samfélag nemenda. Gallinn er sá að eldri nemendur leggja oft mikið upp úr því að niðurlægja nýnema og fara jafnvel með þá í burtu þar sem hægt er að busa nemendurna án eftirlits skólayfirvalda.

Þetta er margbætt vandamál og spilar þar inn í að nýnemar eru í flestum tilfellum mjög viljugir þátttakendur. Einnig er erfitt að eiga við nemendur sem telja það heilagan rétt sinn að niðurlægja nýnema. Erfiðast er að eiga við eldri systkini, frændsystkini eða vini nýnemanna sem telja sjálfsagt að vígja þá rækilega.



Hver er þá lausnin? Eigum við að banna busavígslur alfarið? Gallinn við þá aðferð er sá að þá færast busavígslurnar undan okkar eftirliti. Þá stunda nemendur það sem kallað er einkabusun sem felst meðal annars í því að stinga nemendum í skottið á bílum og fara með þá á afvikna staði og láta þá þrifa bíla, standa á haus eða stökkva í sjóinn svo eitthvað sé nefnt. Nemendur leggja mikið upp úr því að halda þessum sið við og auðvitað er alltaf spurning um hversu langt við eigum að ganga í að miðstýra félagslífi nemenda þar sem helmingur þeirra er orðinn sjálfráða.

Það er nauðsynlegt að foreldrar láti til sín taka í þessari umræðu. Sérstaklega þurfa þeir að tala við sín ungmenni og fara yfir hvað er ásættanlegt og hvað ekki. Að stinga einhverjum í skottið á bíl er grafalvarlegt mál og gæti enda með skelfingu.

Skólayfirvöld geta ekki stjórnað því sem fer fram úti í bæ og er gert án þeirra vilja og vitundar. Þá riður á að foreldrar grípi inn í, stöðvi vitleysuna og/eða láti okkur vita og kæri alvarleg atvik til lögreglunnar.

